

III. VIÐAUKI

SKAÐSEMISÁBYRGÐ

Skrá sem kveðið er á um í c-lið 23. gr.

INNGANGUR

Þegar gerðirnar sem vísað er til í þessum viðauka fela í sér hugmyndir eða vísa til málsmeðferðar sem er sérkennandi fyrir réttarreglur Bandalagsins, svo sem varðandi

- inngangsorð,
- viðtakendur gerða Bandalagsins,
- tilvísanir til yfirráðasvæða eða tungumála EB,
- tilvísanir til réttinda og skyldna aðildarríkja EB, opinberra stofnana þeirra, fyrirtækja eða einstaklinga hvers gagnvart öðrum, og
- tilvísanir til málsmeðferðar varðandi upplýsingar og tilkynningar,

gildir bókun 1 um altæka aðlögun, nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka.

GERÐ SEM VÍSAÐ ER TIL

385L0374 - Tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum (Stjtið. EB nr. L 210, 7.8.1985, bls. 29), eins og henni var breytt með:

-^{1} **399L0034** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/34/EB frá 10. maí 1999 (Stjtið. EB L 141, 4.6.1999, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Eftirfarandi atriði gilda um skaðsemisábyrgð innflytjanda eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 3. gr.:
- án þess það hafi áhrif á skaðsemisábyrgð framleiðanda er einstaklingur ábyrgur sem framleiðandi þegar hann flytur inn vöru á Evrópska efnahagssvæðið til sölu, leigu, eignarleigu eða dreifingar með einhverjum hætti meðan hann stundar viðskipti sín;
 - hið sama gildir um innfluttar vörur frá EFTA-ríki til Bandalagsins eða frá Bandalaginu til EFTA-ríkis eða frá einu EFTA-ríki til annars EFTA-ríkis.

Þegar Lugasamningurinn um dómsvald og fullnustu dóma í einkamálum frá 16. september 1988 öðlast gildi í aðildarríki EB eða EFTA-ríki fellur fyrsti málslíður þessa liðar úr gildi milli ríkja þar sem samningurinn hefur verið fullgiltur að svo miklu leyti sem hægt er, vegna þessara fullgildinga, að framfylgja innanlandsdómi sem er tjonþola í hag gegn framleiðanda eða innflytjanda í skilningi i-liðar.

[]^{2}

^{1} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 59/2000 (Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 75 og EES-viðbætur nr. 42, 21.9.2000, bls. 15), gildistaka 1.2.2001.

^{2} Aðlögunarliður iii) er felldur brott með bókuninni um breytingu.

(b) Eftirfarandi gildir hvað varðar 14. gr.:

tilskipunin gildir ekki um líkams- eða eignatjón sem verður vegna kjarnorkuslysa og fellur undir alþjóðasáttmála sem EFTA-ríki og aðildarríki EB hafa fullgilt.

Að auki gildir tilskipunin ekki um [] {³} Liechtenstein ef landslög þess {⁴} kveða á um sambærilega vernd og gert er í alþjóðasáttmálum í fyrrnefndum skilningi.

{³} Orðin „Sviss og“ voru felld brott með bókuninni um breytingu.

{⁴} Orðið „þess“, sem bætt var við með bókuninni um breytingu, kemur í stað „þeirra“ .